Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Félag Sameinuðu þjóðanna
UNA ICELAND

Reykjavík 8. Desember 2022

Efni: Umsögn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi um frumvarp til laga um lögfestingu á samningi SÞ um réttindi fatlaðs fólks, 61. mál á 153. Löggjafarþingi 2022-2023.

Félagi SÞ á Íslandi barst ofangreint frumvarp til umsagnar og viljum við koma nokkru á framfæri er það varðar.

Það er gríðarlega mikilvægt að samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur hér á landi hið allra fyrsta. Íslensk stjórnvöld tala fyrir mikilvægi mannréttinda bæði hérlendis og á alþjóðavelli og hafa beitt sér að málaflokknum í auknum mæli síðustu ár eins og sjá má bæði í stjórnarsáttmála og flestum stefnum ráðuneyta. Til þess að gulltryggja það að réttindi *allra* séu virt, alltaf og alls staðar þarf að lögfesta samninginn svo fötluðu fólki sé tryggt mannréttindi sín til jafns við aðra.

Þess að auki eru heimsmarkmið SÞ hornsteinn nýs Sjálfbærs Íslands og lögfesting samningsins augljós þáttur í að fylgja eftir þeim markmiðum en einnig svo að íslenska ríkið starfi í samræmi við skuldbindingar sínar með vísun til 55. Og 56. gr stofnsáttmála SÞ sem greinir á um aðgerðir sem stuðla að og efla viðurkenningu á mannréttindum og grundvallarfrelsi án nokkurrar mismunar.

Félag SÞ á Íslandi styður frumvarpið heilshugar. Við erum reiðubúin að koma á fund velferðarnefndar og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögninni.

Reykjavík, 8. Desember 2022

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Vala Karen Viðarsdóttir

Vala Karen Viðarsdóttir,

Framkvæmdastjóri